

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/53

frá 22. október 2010

um aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið sem gefa skal út samkvæmt kerfi

Sambandsins fyrir 2013 og um niðurfellingu ákvörðunar 2010/384/ESB

(tilkynnt með númeri C(2010) 7180)

(2010/634/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB<sup>(1)</sup>, einkum 9. gr. og 3. mgr. 9. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið aðlagður svo að hann endurspegli útgefnar heimildir til viðkomandi stöðva, sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á tímabilinu frá 2008 til 2012 skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið skal einnig aðlagður að því er varðar stöðvar sem stunda starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipunina og falla einungis undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013.
- 2) Í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB var algildur fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/384/ESB frá 9. júlí 2010 um heildarfjölda losunarheimilda í Bandalaginu sem gefa skal út samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir fyrir árið 2013<sup>(2)</sup>, byggður á heildarfjölda losunarheimilda sem aðildarríkin hafa gefið út eða koma til með að gefa út í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir fyrir tímabilið frá 2008 til 2012. Þar eð viðbótarupplýsingar hafa komið fram frá því ákvörðunin var samþykkt skal hún felld úr gildi og ný ákvörðun koma í hennar stað.
- 3) Eftir beiðnir frá aðildarríkjunum um að taka aðra starfsemi og lofttegundireinhlíða með í kerfi Sambandsins skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB var starfsemi, sem var ekki

áður í kerfi Sambandsins, bætt við kerfið með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar C(2008) 7867, C(2009) 3032 og C(2009) 9849. Að því er varðar þessa ákvörðun skal taka tillit til beiðna skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB ef framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að taka þær með fyrir 31. ágúst 2010. Áfram verður unnt að taka tillit til viðbóta, sem framkvæmdastjórnin samþykkir eftir þessa dagsetningu, í tengslum við aðlaganir í framtíðinni á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið fyrir 2013. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið aðlagður samkvæmt línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. tilskipunarinnar frá og með árinu 2010.

- 4) Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda<sup>(3)</sup> hafa aðildarríki samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að tryggja að rekstraraðilar stöðvanna, sem stunda starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem einungis falla undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013, geti lagt fram hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi vel rökstudd gögn um losun, sannprófuð af óháðum aðila. Slík gögn eru nauðsynleg ef taka á tillit til þeirra við aðlögun á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið. Þess var krafist að aðildarríkin tilkynntu framkvæmdastjórninni um vel rökstudd gögn um losun, eigi síðar en 30. júní 2010.
- 5) Til að veita öllum stöðvum jöfn samkeppnisskilyrði skulu gögn um losun, sem aðildarríki tilkynna um til framkvæmdastjórnarinnar, vera aðlöguð þannig að tillit sé tekið til þess átaks til að draga úr losun sem búast mætti við frá stöðvum, sem falla einungis undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013, ef þær hefðu fallið undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2005. Fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið skal einnig aðlagður skv. 2. mgr. 9. gr. a í tilskipuninni, samkvæmt línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. tilskipunarinnar, frá og með árinu 2010. Ef nýtt aðildarríki gengur í Sambandið verður áfram unnt að taka tillit til viðbótarupplýsinga í tengslum við aðlaganir í framtíðinni á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 34. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

- 6) Ef aðildarríki hafa tilkynnt losun frá stöðvum, sem framleiða ammoníak eða sóða, sem falla einungis undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013 var tekið tillit til losunarinnar sem liggur til grundvallar útreikningi á aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið, sem er ákvarðaður í þessari ákvörðun, þar sem gert er ráð fyrir því að þessi losun sé losun í skilningi b-liðar 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Til að tryggja samræmi milli heildarfjölda losunarheimilda í kerfi Sambandsins og losunar þar sem skila þarf inn losunarheimildum verður áfram unnt að endurskoða fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið ef vikið er frá þessari nálgun í reglugerðinni sem skal samþykka skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- 7) Til að forðast tvítalningu skal einungis tekið tillit til tilkynntrar losunar að því er varðar starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og fellur undir gildissvið kerfis Sambandsins frá og með árinu 2013, fyrir aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið.
- 8) Samkvæmt ákvæðum 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjum heimilt að útiloka tilteknar stöðvar frá kerfi Sambandsins ef þau tilkynna framkvæmdastjórninni um hverja slíka stöð eigi síðar en 30. september 2011 og framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum. Fram til þessa hefur framkvæmdastjórnin ekki borist tilkynning frá aðildarríki að því er þetta varðar. Áfram verður unnt að taka tillit til slíkra útilokana í tengslum við aðlaganir í framtíðinni á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið fyrir árið 2013.
- 9) Það kann að vera nauðsynlegt að taka tillit til viðbótarupplýsinga, þegar þær verða tiltækar, varðandi aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, samkvæmt ákvörðun 2010/384/ESB. Áfram verður unnt að taka tillit til slíkra viðbótarupplýsinga í tengslum við aðlaganir í framtíðinni á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið fyrir árið 2013.
- 10) Á grundvelli þeirra upplýsinga sem hafa komið fram síðan ákvörðun 2010/384/ESB var samþykkt samsvarar meðalheildarfjöldi losunarheimilda á ári, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir þeirra fyrir tímabilið frá 2008 til 2012, sem tekið er tillit til við útreikninginn á fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/ESB, 2 037 227 209 losunarheimildum.
- 11) Fyrir árið 2013 skal algildur fjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/ESB, vera 1 930 883 949 losunarheimildir.
- 12) Fyrir árið 2013 skal fjöldi losunarheimilda, sem gefinn er út til stöðva sem falla undir kerfi Sambandsins á tímabilinu frá 2008 til 2012, skv. 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB og aðlagður samkvæmt línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. tilskipunarinnar, vera 1 328 218 losunarheimildir.
- 13) Fyrir árið 2013 skal fjöldi losunarheimilda, sem gefinn er út til stöðva sem falla undir kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013 og aðlagður samkvæmt línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. tilskipunarinnar, vera 106 940 715 losunarheimildir.
- 14) Á grundvelli 9. gr. og 9. gr. a skal heildarfjöldi losunarheimilda, sem gefa skal út frá og með árinu 2013, minnka ár hvert samkvæmt línulegum stuðli sem nemur 1,74% sem samsvarar 37 435 387 losunarheimildum.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Fyrir árið 2013 skal algildur heildarfjöldi losunarheimilda fyrir allt Sambandið, sem um getur í 9. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, vera 2 039 152 882 losunarheimildir.

##### 2. gr.

Ákvörðun 2010/384/ESB er felld úr gildi.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. október 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Connie HEDEGAARD

*framkvæmdastjóri.*